



AGT ehf.
B.t. forsvarsmáður
Ármúla 11
108 Reykjavík

Akureyri, 29. nóvember 2024
Tilvísun: M24090726 / 02.09.01
Ákvörðun nr. 22/2024

Efni: Ákvörðun um álagningu dagsekta

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið AGT ehf., kt. 560822-0570 þar sem félagið hefur ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um framlagningu tryggingar né greitt iðgjald fyrir árið 2024 þrátt fyrir ítrekanir þar um.

Dagsektir munu leggjast á kr. 50.000,- fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tryggingar og greiðslu iðgjalds.

Málsatvik

Þann 1. september sl. rann út frestur til að skila inn tryggingu sbr. 25. gr. a. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samengda ferðatilhögun né greitt iðgjald sbr. 25. gr. sömu laga. Ákvörðun þess efnis lá fyrir þann 30. júlí sl. og var tilkynnt í tölvupósti.

Þann 7. október sl. sendi Ferðamálastofa tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagsekta á félagið. Veittur var frestur til 21. október sl. til að skila inn tryggingu og greiða iðgjald. Þar sem fjárhæð tryggingar var ranglega skráð í bréfið var sent annað bréf með réttri fjárhæð tryggingar og veittur frestur til 29. október. Frekari ítrekanir hafa verið sendar í nóvember í samskiptum við forsvarmann og lögmann félagsins.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að ákvæðum VII. kafla laganna eða ákvörðun Ferðamálastofu. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 25. gr. a. og 25. gr. laganna skulu aðilar að Ferðatryggingasjóði leggja fram tryggingu vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt ákvörðun Ferðamálastofu og greiða árlega iðgjald í Ferðatryggingasjóð. Iðgjaldið nemur 2,5% af reiknaðri tryggingarfjárhæð skv. 8. gr. reglugerðar nr. 812/2021 um Ferðatryggingasjóð.

Ákvörðun

Líkt og að framan greinir hefur AGT ehf. ekki farið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tryggingar né greitt iðgjald í ferðatryggingasjóð. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagsektir á félagið frá og með 16. desember næstkomandi, hafi félagið ekki skilað inn tryggingu og greitt iðgjald í Ferðatryggingasjóð fyrir þann dag. **Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð kr. 50.000,- á dag þar til trygging hefur verið lögð fram og iðgjald greitt til Ferðatryggingasjóðs.**



Ákvörðun um dagsektir má skjóta til Menningar- og viðskiptaráðherra, Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík, innan fjórtán daga frá dagsetningu þessa bréfs. Dagsektir reiknast ekki fyrr en kærufrestur er liðinn. Ákvörðunin verður birt á heimsíðu Ferðamálastofu eftir að kærufrestur er liðinn ef ekki verður farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

Dagsektir eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

Sara Halldórsdóttir, lögfræðingur

Bréfið birtist í pósthólfí tengdu kennitölu málsaðila á Island.is og afrit þess sent í tölvupósti.